

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Stykkishólmsbæ.

Sæmundarreitur.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkti þann 26. mars 2020 breytingu á deiliskipulagi Reitarvegjar.

Breytingin felst aðallega í færslu á aðkomu að Sæmundarreit frá Reitarvegi og verður gatan Sæmundarreitur stytt og henni breytt í vistgötu. Þar af leiðandi munu húsnúmer breytast og tilfærslur verða á lóðarmörkum. Byggingarreitur við Sæmundargötu 7 stækkar um 30 sm að götu. Svæði merkt leiksvæði í deiliskipulagi mun breytast í opið grænt svæði.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bókhöðustígur 7.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkti þann 26. mars 2020 breytingu á deiliskipulagi Þinghúshöfða.

Breytingin felst í að leyfa 6 fermetra stækkun, 0,70 sm hækkun og breytingu á þakhalla á bílskúr við Bókhöðustíg 7.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 30. mars 2020.

Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. apríl 2020